



# Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands 2013

## 1. Stærð skóla: Húsnæði, fjöldi starfsmanna og nemenda, brautskráðir nemendur

**Húsnæðið** sem skólinn starfar í er rúmlega 7.330 fermetrar auk rúmlega 1.250 fermetra heimavistar. (Sjá nánar um húsnæði skólans í rammanum hér að neðan til hægri.)

**Kennarar** voru 48 talsins á haustönn 2013 að skólameistara og aðstoðarstjórnendum meðtöldum. Þessir 48 kennarar voru í samtals 45 stöðugildum. Af kennurunum voru 6 í hlutastarfi. Í fullu starfi voru 42, þar af voru 2 í barneignaleyfi og 1 í námsorlofi.

Kennarahópurinn er nokkuð fullorðinn. Taflan sýnir skiptingu hópsins eftir aldri og kyni.

Aldur í árum	Í fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20 - 29	0	0	0	0
30 - 39	0	1	0	2
40 - 49	5	8	0	1
50 - 59	9	8	1	1
60 - 69	8	3	1	0

Allir kennarar í fullu starfi voru með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum. Taflan sýnir yfirlit yfir formlega menntun þeirra.

Menntun	Í fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
MA/MS/PhD+UK	6	6	0	2
BA/BS+UK	11	14	1	2
Iðneistari+UK	5	0	1	0

**Starfsmenn aðrir en kennarar** voru 22, þar af einn í barneignaleyfi og einn í leyfi af öðrum ástæðum. Af þessum 22 starfsmönnum voru 7 í fullu starfi og 7 í viðbót í meira en hálfu starfi.

**Ársmemendur** samkvæmt fjárlögum fyrir 2012 og 2013 eru 520. Á árinu 2013 skilaði skólinn 511 ársnemendum.

### Húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands

#### Aðalbygging skólans við Vogabraut 5

Kennslustofur	2.189,43	m <sup>2</sup>
Trésmíðaverkstæði	440,20	m <sup>2</sup>
Skrifstofur, kennarastofa	635,99	m <sup>2</sup>
Salur	449,70	m <sup>2</sup>
Mötuneyti	106,45	m <sup>2</sup>
Bókasafn	237,73	m <sup>2</sup>
Tölvuver hjá bókasafni	84,60	m <sup>2</sup>
Þakrými, loftræstirými	660,63	m <sup>2</sup>
Önnur svæði	1.532,47	m <sup>2</sup>

**Samtals** **6.337,20** m<sup>2</sup>

#### Málmiðnahús við Vogabraut 5

Kennslustofur	315,20	m <sup>2</sup>
Málsmíða og vélaverkstæði	487,54	m <sup>2</sup>
Önnur svæði	189,24	m <sup>2</sup>

**Samtals** **991,98** m<sup>2</sup>

#### Heimavistarhús við Vogabraut 4

Íbúð vistarstjóra	74,85	m <sup>2</sup>
Herbergi nemenda	828,80	m <sup>2</sup>
Þakrými, loftræstirými	122,55	m <sup>2</sup>
Önnur svæði	227,90	m <sup>2</sup>

**Samtals** **1.254,10** m<sup>2</sup>

**Heildarstærð alls húsnæðis er 8.583,28 m<sup>2</sup>**

FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

**Brautskráningaráhöfn á vorönn 2013** var 18. maí. Þá voru 47 nemendur brautskráðir frá skól-  
anum. Þar af höfðu 38 lokið stúdentsprófi, 1 lokið ársnámi sem skiptinemi, 7 lokið burtfararprófi  
af iðnbraut og 1 bæði lokið stúdentsprófi og burtfararprófi af iðnbraut. Þann 24. maí voru 27  
nemendur til viðbótar brautskráðir, þar af 25 úr almennu námi og 2 úr grunnnámi rafiðngreina.

**Brautskráningaráhöfn á haustönn 2013** var 21. desember. Þá voru brautskráðir 38 nemendur.  
Þar af höfðu 35 lokið stúdentsprófi og 3 lokið burtfararprófi af iðnbraut.

Á árinu 2013 voru alls 112 nemendur brautskráðir frá skólanum.

\*

**Um miðjan október 2013 voru 570 nemendur í skólanum. Þeir skiptust á brautir sem hér segir:**

Almenn braut - fornám	AF	10 = 2%
Almenn braut - heilbrigðisnám	AH	2 = 0%
Almenn braut - undirbúningsnám	AU	14 = 2%
<u>Almenn braut - viðskiptanám</u>	<u>AV</u>	<u>2 = 0%</u>
<b>Almennt nám alls</b>		<b>28 = 5%</b>
Félagsfræðabraut	FÉ	145 = 25%
Málabraut	MB	24 = 4%
Náttúrufræðibraut	NÁ	115 = 20%
Viðskipta- og hagfræðibraut	VH	2 = 0%
<u>Viðbótarnám til stúdentsprófs</u>	<u>VSS</u>	<u>15 = 3%</u>
<b>Stúdentsnám alls</b>		<b>301 = 53%</b>
Grunnnám rafiðna	GR	40 = 7%
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GBM	1 = 0%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	4 = 1%
Almennt tækninám	AT	16 = 3%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8	23 = 4%
Grunnnám málmíðna	MG	66 = 12%
<u>Námsbraut vélavirkjun</u>	<u>VS8</u>	<u>4 = 1%</u>
<b>Iðnnám alls</b>		<b>154 = 27%</b>
<u>Starfsbraut</u>	<u>ST4</u>	<u>12 = 2%</u>
<b>Starfsbraut alls</b>		<b>12 = 2%</b>
Sjúkrliðabraut	SJ	36 = 6%
Viðskiptabraut	VI	5 = 1%
<u>Ótilgreint nám</u>	<u>ÓTN</u>	<u>34 = 65%</u>
<b>Aðrar brautir alls</b>		<b>75 = 12%</b>

Á haustönn 2013 voru nemendur 57 færri en á haustönn 2012. Mest var fækkunin í hópi nem-  
enda í almennu námi eða úr 56 í 28 og í stúdentsnámi eða úr 329 í 301.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Í hópi nemenda á haustönn 2013 voru karlar/piltar 325 en konur/stúlkur 245. Tæp 80% nemenda voru frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit og rúm 20% annars staðar að. Tölflurnar sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri bæði á vorönn og haustönn 2013.

Lögheimili	Vor-önn 2013	Haust-önn 2013	Fæðingarár	Vor-önn 2013	Haust-önn 2013
Akranes	73%	72%	1997		19%
Hvalfjarðarsveit	6%	5%	1996	21%	17%
Borgarbyggð	7%	9%	1995	20%	19%
Aðrir staðir á Vesturlandi	9%	7%	1994	16%	13%
Utan Vesturlands	5%	7%	1993	13%	7%
			Fyrir 1993	30%	25%

## 2. Námsframboð á árinu 2013

**Almennt nám:** Almenn braut - fornám (AF), Almenn braut - heilbrigðisnám (AH), Almenn braut - undirbúningsnám (AU), Almenn braut - viðskiptanám (AV).

**Nám til stúdentsprófs:** Félagsfræðabraut (FÉ), Málabraut (MB), Náttúrufræðibraut (NÁ), Viðskipta- og hagfræðibraut (VH), Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS).

**Iðnnám:** Grunnám rafiðna (GR), Námsbraut í rafvirkjun (RK8), Almenn tækninám (AT), Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM), Námsbraut í húsasmíði (HÚ8), Grunnám málmíðna (MG), Námsbraut vélavirkjun (VS8).

**Starfstengt nám annað en iðnnám:** Sjúkraliðabraut (SJ), Viðskiptabraut (VI).

**Nám fyrir fatlaða:** Starfsbraut (ST4).

**Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann:** Ótilgreint nám (ÓTN).

Í kafla 1 kemur fram hvernig nemendur skiptust á námsbrautir. Námsframboð á árinu 2013 var miðað við ungt fólk sem mætir í skóla á dagvinnutíma nema á tveim brautum þar sem kennsla var sniðin að þörfum fullorðinna sem stunduðu nám með vinnu. Þessar brautir voru Námsbraut í húsasmíði (HÚ8) þar sem boðið var upp á verklega kennslu um helgar og Sjúkraliðabraut (SJ) þar sem boðið var upp á blöndu af kennslu í staðbundnum lotum og fjarkennslu. Á málmíðna-brautum (MG og VS8) var bæði boðið upp á kennslu á dagvinnutíma og utan hans fyrir fullorðna nemendur sem stunda nám með vinnu.



### 3. Framkvæmd markmiða

Í skólasamningi sem skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands og mennta- og menningarmálaráðherra undirrituðu 13. febrúar 2013 voru sett markmið fyrir árin 2013 og 2014. Hér á eftir eru þessi markmið talin upp (skáletruð) og gerð grein fyrir að hve miklu leyti þau hafa náðst.

1. *Byggja upp tengsl við fyrirtæki og sveitarstjórnir á svæði skólans og stofnanir sem sveitarfélög reka.*

i. *Mynda í samvinnu við sveitarstjórnir samráðsvettvang við iðnfyrirtæki á svæðinu. Samráðið verði formgert á árinu 2013.*

Þetta markmið hefur ekki náðst og veldur þar mestu um að þeir starfsmenn Akraneskaupstaðar sem héldu utan um það eru hættir störfum.

ii. *Taka þátt í viðbótar- og endurmenntun starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum á svæði skólans. Slíkt framboð menntunar verði ákveðið í upphafi hvernar annar frá haustönn 2013.*

Skólinn tók þátt í starfsemi Stóriðjuskóla Norðuráls. Einnig hélt vinna við undirbúning kennslu í vökvatækni áfram. Ennfremur tók skólinn þátt í samráðsvettvangi og verkefnastjórn vegna Tilraunaverkefnis um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi.

iii. *Tengja kennslu í a.m.k. þrem áföngum á skólaárinu 2013 til 2014 við starf Fab-lab.*

Af kennslu þessara áfanga varð ekki og er það vegna þess að skólinn þurfti að draga verulega úr kennslu valgreina vegna peningaleysis.

iv. *Bjóða valfög í verkmenntagreinum fyrir nemendur í unglingsáldum allra grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit frá haustönn 2013.*

Nemendur unglingsálda beggja grunnskólanna á Akranesi sóttu kennslu í verkmenntagreinum bæði á vorönn og á haustönn 2013 og nemendur úr öðrum grunnskólanum sækja slíka kennslu nú á vorönn 2014. Val í verkmenntagreinum fyrir nemendur úr Hvalfjarðarsveit er ekki orðið að veruleika.

v. *Semja við Akraneskaupstað um samvinnu skólabókasafns FVA og bæjarbókasafns Akraness á árinu 2013.*

Samkomulag er um að skólinn nýti þjónustu bókasafnafræðinga á bæjarbókasafni Akraness en formlegur samningur hefur ekki verið undirritaður. Samstarfið hefur gengið vel.

vi. *Stefnumótun um tengingu skólans við nærsamfélag sitt verður bætt við almenna stefnuskrá skólans í fyrsta hluta skólanámskrár á skólaárinu 2013-2014.*

Sjá undir lið 2.

2. *Próa skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá frá 2011.*

Drög að almennum hluta skólanámskrár eru tilbúinn og þar eru kaflar um tengingu við nærsamfélag, grunnþætti menntunar o.fl. Rýnihópur kennara mun yfirfara drögin í mars og fullfrágenginn texti almenns hluta skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá frá 2011 mun birtast í júní 2014.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Vinna við áfangalýsingar og brautalýsingar í samræmi við aðalnámskrá frá 2011 er hafin.

3. *Endurskoða sjálfsmatskerfi skólans vegna innleiðingar nýrrar aðalnámskrár. Um leið og grunnþættirnir í nýju aðalnámskránni fá sess í skólanámskrá verður sjálfsmatskerfi skólans endurskoðað til að meta hversu vel tekst að vinna að markmiðum sem falla undir þá. Þessari endurskoðun verður lokið á árinu 2014.*

Mat á kennslu hefur verið endurskoðað með hliðsjón af drögum að nýjum almennum hluta skólanámskrár. Sjá undir lið 2.

4. *Bjóða stuðning í fámennum hópum fyrir nemendur af erlendum uppruna frá haustönn 2013.*

Á haustönn 2013 nutu 10 nemendur af erlendum uppruna stuðningskennslu. Námsárangur þeirra varð mun betri en hjá nemendum af erlendum uppruna undanfarin ár. Þetta gefur tilefni til að ætla að stuðningurinn sem þeir fengu hafi skilað árangri. Nú á vorönn 2014 er sama starfi fram haldið þó hópurinn sé nokkuð minni.

#### 4. Umbótaþættir eftir sjálfsmat

Mat á starfi skólans var unnið á árinu samkvæmt áætlun og voru eftirtaldir þættir skólastarfsins teknir til skoðunar:

- Störf kennara.
- Mat á stöðu, aðbúnaði, kennslu, námsmati og árangri í einstökum deildum og fögum. (Unnið eftir útgáfu sjálfsmatskýrslu í september 2013).
- Mat á húsnæði og aðbúnaði/aðstöðu. (Unnið eftir útgáfu sjálfsmatskýrslu í september 2013).
- Námsárangur, skólasókn og nemendafjöldi.
- Nýting á kennslu og brottfall.
- Viðhorf útskriftarnema til skólagöngunnar.

Auk þessa voru aðferðir við mat á kennslu endurskoðaðar með hliðsjón af aðalnámskrá frá 2011 og nýjum drögum að almennum hluta skólanámskrár.

Enn hefur ekki verið brugðist við öllu sem fram kom í mati á seinni hluta haustannar 2013. Viðbrögð við mati á starfi einstakra kennara eru rædd við þá en ekki birt opinberlega. Námsframboð og skipulag kennslu á hverri önn tekur mið af niðurstöðum mats á námsárangri, nemendafjölda, nýtingu á kennslu og brottfalli. Mikilvægustu umbæturnar á síðasta ári voru í stuðningi við nemendur af erlendum uppruna, sjá 4. tölulið í 3. kafla.

Heildarskýrslu um innra mat á starfi skólans var síðast skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í september 2013. Skýrslan liggur frammi á vefnum [http://www.fva.is/images/innramat/-sjalfsmatsskyrsla\\_fva\\_2013\\_haust.pdf](http://www.fva.is/images/innramat/-sjalfsmatsskyrsla_fva_2013_haust.pdf).



## 5. Úttektir

Ekki voru unnar neinar formlegar úttektir á starfi skólans á árinu 2013.

## 6. Afkoma, rekstrarstaða

Þrátt fyrir ýtrasta aðhald var halli á rekstri skólans innan ársins 2013. Heildarupphæð greiddra launa á árinu var um 13 milljónum meiri en árið 2012 og jafnframt 13 milljónir umfram áætlun. Sértekjur drögust saman um rúmar 3 milljónir frá fyrra ári, mest vegna fækkunar nemenda.

Aðrir liðir en laun voru samtals nokkuð undir áætlun svo þrátt fyrir að laun hafi farið 13 milljónir fram úr því sem ráðgert var og sértekjur minnkað vikur heildarniðurstaðan aðeins um 8 milljónir frá rekstraráætlun.

Meðal skýringa á auknum launakostnaði eru að skólinn tapaði dómsmáli þar sem starfsmaður gerði ágreining um röðun nokkur ár aftur í tímann. Einnig þurfti að hækka nokkra aðra starfsmenn afturvirkkt. Enn fremur hefur launakostnaður á hverja kennslustund aukist vegna fjölgunar kennara sem hafa kennsluskyldulækkun vegna 60 ára aldurs.

Framlag ríkissjóðs til skólans var alls um 468,25 milljónir. Sértekjur og aðrar rekstrartekjur skólans voru alls um 48,43 milljónir. Heildartekjur skólans á árinu voru því um  $468,25 + 48,43 = 516,68$  milljónir.

Nánari greinargerð fyrir afkomu skólans á árinu 2013 er í fylgiskjali 1.

## 7. Brottfall og námsárangur

Brottfall á vorönn 2013 var 6,6% eininga (og 6,8% einingaígilda) sem er minna en vorið 2012 þegar það var 7,9% og vorið 2011 þegar það var 9,4%. Á vorönn 2013 voru nemendur að meðaltali skráðir í 16,0 einingar og náðu að meðaltali að ljúka 13,0 einingum með fullnægjandi árangri. Meðaleinkunn í skólanum var 6,6.

Brottfall á haustönn 2013 var 4,4% eininga (og 4,6% einingaígilda) sem er minna en haustið 2012 þegar það var 8,4% og haustið 2011 þegar það var 7,3%. Á haustönn 2013 voru nemendur að meðaltali skráðir í 16,3 einingar og náðu að meðaltali að ljúka 13,9 einingum með fullnægjandi árangri. Meðaleinkunn í skólanum var 6,9.




FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

## 8. Stjórnun

Að yfirstjórn skólans koma, auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Einnig gegna tíu kennarar stöðum deildarstjóra og hafa umsjón með faglegu samráði í grein eða greinaflokki.

Skipurit Fjölbrautaskóla Vesturlands



Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands hélt fundi tvisvar sinnum á árinu 2013 (5. mars og 3. september). Fundargerðir skólanefndar liggja frammi á vef skólans á síðunni [http://www.fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=404&Itemid=523](http://www.fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=404&Itemid=523).

Þann 30. apríl 2013 var skólanum skipuð ný skólanefnd til fjögurra ára sem hér segir:

- Aðalmenn án tilnefningar eru: Dagbjört Guðmundsdóttir formaður, Reynir Þór Eyvindsson og Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir.
- Aðalmenn tilnefndir af fulltrúaráði Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaga eru: Helena Guttormsdóttir og Hjördís Hjartardóttir.
- Varamenn án tilnefningar eru: Hjördís Garðarsdóttir, Sigríður Víðis Jónsdóttir og Viktor Elvar Viktorsson.
- Varamenn tilnefndir af fulltrúaráði Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaga eru: Anna María Þórðardóttir og Þórdís Þórisdóttir.

## 9. Samvinna við aðrar stofnanir

Á haustönn 2013 gerðist skólinn aðili að Fjarmentaskólanum sem er kennslusamlag nínu framhaldsskóla utan Reykjavíkursvæðisins.

Skólinn hefur samstarf og samráð við Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja meðal annars við gerð skólanámskrár.

Skólinn er aðili að Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og á fulltrúa í stjórn hennar. Hann hefur samráð og samstarf við Símenntunarmiðstöðina um ýmislegt sem lýtur að fullorðinsfræðslu.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Stærstu samvinnuverkefni á síðasta ári voru Stóriðjuskóli Norðuráls og enskukennsla fyrir fólk af erlendum uppruna sem hefur ekki lært ensku í grunnskóla.

Skólinn hefur ýmislegt samstarf og samráð við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðasveit og býður upp á kennslu í verklegum greinum fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla.

Fjölbrautaskóli Vesturlands tók þátt í tveim Comenius verkefnum sem hófust á árinu 2012 og lauk 2013. Annað verkefnið, sem hét *Planting our future*, snerist um umhverfismál, sjálfbærni og umgengni manna við náttúruna. Samstarfsaðilar í þessu verkefni voru tíu framhaldsskólar í jafnmörgum löndum. Hitt verkefnið, sem hét *Work made e@sy*, gekk út á að auðvelda nemendum að átta sig á möguleikum sem standa þeim opnir í ýmsum Evrópulöndum. Samstarfsaðilar í þessu verkefni voru átta framhaldsskólar í jafnmörgum löndum.

## 10. Sérstakar áherslur og markmið skólans

Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.

Í drögum að almennum hluta skólanámskrár sem kemur út í júní 2014 eru skólanum sett þrjú meginmarkmið sem síðan eru útfærð nánar m.a. með vísun í sex grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá frá 2011. Þessi þrjú meginmarkmið eru að:

- I. Veita öllum nemendum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, vísýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð.
- II. Vera umhyggjusamur um velferð nemenda og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.
- III. Bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.

## Fylgiskjöl

1. Rekstraryfirlit fyrir árið 2013.
2. Annáll vorannar 2013.
3. Annáll haustannar 2013.

Akranesi 11. febrúar 2014

Atli Harðarson, skólameistari





## Fylgiskjal 1 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2013: Rekstraryfirlit fyrir árið 2013

	2013 Áætlun	2013 spá um rauntölur	2012 Rauntölur	2011 Rauntölur
Dagvinna	257.422.651	253.820.468	249.066.515	252.493.495
Vaktaálag	1.407.046	2.104.779	1.776.614	1.708.371
Aukagreiðslur	1.073.607	1.131.790	1.635.653	3.900.688
Yfirvinna	50.578.066	64.305.787	58.185.749	50.072.377
Launatengd gjöld	76.929.654	78.896.511	76.865.345	78.528.096
<b>Samtals</b>	<b>387.411.024</b>	<b>400.259.335</b>	<b>387.529.876</b>	<b>386.703.027</b>
Fundir, námskeið og risna	605.097	1.409.136	587.473	475.513
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	271.529	232.564	263.620	208.640
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	915.904	1.612.516	5.603.918	
Akstur	2.142.352	1.235.878	2.079.953	1.557.656
<b>Samtals</b>	<b>3.934.882</b>	<b>4.490.094</b>	<b>8.534.964</b>	<b>2.241.809</b>
Tímarit, blöð og bækur	1.514.566	766.538	1.470.451	1.247.521
Skrifstofuvörur og áhöld	2.500.128	3.849.847	2.427.308	2.041.378
Aðrar vörur	9.139.805	11.553.415	8.873.597	9.040.255
<b>Samtals</b>	<b>13.154.499</b>	<b>16.169.800</b>	<b>12.771.356</b>	<b>12.329.154</b>
Önnur sérfræðiþjónusta	3.303.528	4.818.112	3.207.309	3.033.160
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	1.793.174	1.783.370	1.740.946	1.960.565
Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	1.783.917	1.469.845	1.731.957	1.879.849
Sími og ýmis leigugjöld	3.180.248	2.716.568	3.087.618	3.015.992
<b>Samtals</b>	<b>10.060.867</b>	<b>10.787.895</b>	<b>9.767.830</b>	<b>9.889.566</b>
Verkkaup og byggingavörur	978.396	476.457	949.901	619.656
Rafmagn og heitt vatn	8.543.291	8.768.923	8.294.457	7.336.211
Húsaleiga og aðkeypt ræsting	73.069.746	73.515.096	70.941.500	66.688.454
<b>Samtals</b>	<b>82.591.433</b>	<b>82.760.476</b>	<b>80.185.858</b>	<b>74.644.321</b>
Brennsluefni og olíur	20.338	0	19.746	-83.481
Verkstæði og varahlutir	0	273.215	0	-63.122
<b>Samtals</b>	<b>20.338</b>	<b>273.215</b>	<b>19.746</b>	<b>-146.603</b>
Vextir, bætur, skattar	167.803	481.063	162.915	235.982
Eignakaup	5.786.417	2.685.323	5.617.881	3.934.264
<b>Samtals</b>	<b>5.954.220</b>	<b>3.166.386</b>	<b>5.780.796</b>	<b>4.170.246</b>
<b>Útgjöld alls</b>	<b>503.127.263</b>	<b>517.907.201</b>	<b>504.590.426</b>	<b>489.831.520</b>
Sértekjur	-43.292.056	-40.324.054	-43.965.178	-28.066.838
Aðrar rekstrartekjur	-7.393.340	-8.109.119	-7.178.000	-7.331.000
Framlag ríkissjóðs	-459.313.755	-468.245.018	-448.879.002	-505.890.719
<b>Tekjur alls</b>	<b>-509.999.151</b>	<b>-516.678.191</b>	<b>-500.022.180</b>	<b>-541.288.557</b>
<b>Mismunur á útgjöldum og tekjum</b>	<b>-6.871.888</b>	<b>1.229.010</b>	<b>4.568.246</b>	<b>-51.457.037</b>



## Fylgiskjal 2 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2013:

### Annáll vorannar 2013, lesinn við brautskráningu í maí

Kennsla á vorönn 2013 hófst mánudaginn 7. janúar. Kennslu lauk þriðjudaginn 30. apríl og síðustu próf voru 16. maí. Önninni lýkur svo þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 47 nemendur sem nú útskrifast hafa fengið skírteini sín afhent.

Í mars voru nemendur Fjölbrautaskólans 541 talsins en í fyrra voru þeir 530. Fjölgun nemenda frá síðustu vorönn er því 2%. Eldri nemendum fjölgaði mest og eru þeir nú 30% nemenda skólans og hafa sjaldan verið jafnhátt hlutfall nemenda. Sumir þessara nemenda voru í hefðbundnu bóknámi í dagskóla en stór hópur var í því sem við köllum dreifnámi. Það felst í því að nemendur eru í fjarnámi en mæta í skólann nokkrum sinnum á önninni, gjarnan á kvöldin og um helgar. Þannig getur fólk sótt skóla en jafnframt stundað vinnu. Dreifnámið hefur einnig gert fólk sem býr utan Akraness mögulegt að ljúka námi þó það sé komið yfir hefðbundinn skólaaldur og sé í fullri vinnu í sinni heimabyggð. Karlar voru í vélvirkjanámi með vinnu eða í helgarnámi í húsmíði. Hjá konunum var sjúkraliðanámið vinsælt en það hófst síðasta haust. Brottfall hefur verið mjög lítið hjá þessum nemendum, miklu minna en í hefðbundnu fjarnámi. Hluti af þessu fólk hætti í skóla á sínum tíma og flokkast því sem brottfallsnemendur í opinberum skýrslum. Með því að gera fólk kleyft að ljúka réttindanámi hefur skólanum tekist að draga úr svokölluðu brottfalli en umræðu um það ber hæst þegar rætt er um skólamáli í samfélaginu þessa dagana.

Á önninni hættu 26 nemendur og til viðbótar skráðu allmargir sig úr áföngum eða voru reknir vegna fjarvista. Þetta þýðir að brottfall á önninni var tæp 7% sem er heldur undir meðallagi. Brottfallið í Fjölbrautaskóla Vesturlands hefur verið fremur lítið miðað við aðra sambærilega skóla. Rétt er að undirstrika að hér er átt við brottfall á þessari önn. Nemendur sem hættu á önninni koma flestir til okkar á næstu önn eða önnum og verða því ekki brottfallsnemendur í opinberum skýrslum þar sem oftast er átt við fólk sem aldrei hefur lokið framhaldsskóla.

Skólinn hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum frá því löngu fyrir hrun og raunar alveg frá því svokallað reiknilíkan var tekið upp. Ástæður eru margar en nefna má að þegar reiknilíkanið var tekið upp fyrir rúmum áratug var kostnaður vegna verknámsins vanreiknaður enda var reiknilíkanið hannað með bóknámsskóla í huga. Þetta bitnaði illa á Fjölbrautaskóla Vesturlands sem ávallt hefur verið með öflugt verknám. Þegar þetta var loks lagað þá voru stofnaðir nýir skólar á Vesturlandi en það varð til þess að nemendum skólans okkar fækkaði. Það leiddi til þess að skólinn varð óhagkvæmari en fékk samt ekki fjárframlög í samræmi við það. Fjárframlög á hvern nemenda í okkar skóla eru lægri en í minni skólum jafnvel þó í þeim sé aðeins bóknám. Rekstur skólans er því afar erfiður en starfsfólkið er ákveðið í að bjóða áfram upp á fjölbreytt nám, bæði bóklegt og verklegt á meðan við fáum nógu marga nemendur og svo lengi sem skólanum verður ekki lokað vegna fjárhagserfiðleika.

----

Hjördís Árnadóttir námsráðgjafi og Kristín L. Kötterheinrich þýskukennari fóru í barneignaleyfi í febrúar. Linda Hængsdóttir var ráðin til að kenna þýsku. Guðný Rún Sigurðardóttir fjármálastjóri var ráðin fjármálastjóri Kvennaskólans í Reykjavík. Guðrún Lind Gísladóttir var í febrúar ráðin fjármálastjóri í stað hennar. Rúna Björk Gísladóttir fór í leyfi frá skrifstofu skólans í lok apríl. Auður Finnbogadóttir var ráðin í afleysingar á skrifstofu og í mötuneyti kennara.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Menntamálaráðherra skipaði skólanefnd til fjögurra ára frá 30. apríl. Aðalmenn án tilnefningar eru Dagbjört Guðmundsdóttir, Reynir Þór Eyvindsson og Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir. Aðalmenn tilnefndir af fulltrúaráði eru Helena Guttormsdóttir og Hjördís Hjartardóttir.

----

Stóriðjuskóli Norðurlás á Grundartanga útskrifaði nemendur í fyrsta sinn nú í vor. Kennarar við Fjölbrautaskóla Vesturlands hafa séð um hluta kennslunnar þar í samstarfi við Norðurl og Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Því samstarfi verður haldið áfram næsta haust.

Þetta er annað árið sem við bjóðum uppá braut sem við köllum almenna námsbraut - tækni-nám, skammstafað AT. Þetta er sameinað nám í málmiðnum og tréiðnum á fyrsta námsári nemendanna. Við erum að tilraunkenna þessa braut í samstarfi við fleiri skóla. Þetta hefur gengið vel og mun gera skólastarfið hagkvæmara og veita nemendum fjölbreyttari menntun. Við erum sannfærð um að þessi nýbreytni muni nýtast atvinnulífinu og samfélaginu öllu vel þegar fram líða stundir.

Skólastarfið var með svipuðu sniði og verið hefur á vorönn. Opnir dagar gengu ágætlega nema hvað veðrið setti strik í reikninginn svo fella varð nokkur atriði niður.

Stærðfræðikeppni fyrir grunnskóla var nú haldin í 15. skiptið. Nemendur aðstoðuðu stærðfræðikennara skólans við framkvæmdina. Norðurl greiddi kostnaðinn vegna keppinnar og er fyrir-tækinu hér með þakkaður veglegur stuðningur.

Nemendur tíundu bekkja Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla heimsóttu okkur í febrúar og fengu leiðsögn um skólann í fylgd nemenda fjölbrautaskólans. Kynningin þótti takast vel og eru nemendum okkar sem tóku þátt í þessu færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Í félagslífi nemenda voru þátttaka í Gettu Betur, Morfís og söngkeppni framhaldsskólanna fastir liðir eins og venjulega og 8. mars héldu nemendur velheppnaða árshátíð. Leiklistarklúbbur stóð að uppsetningu á leikritinu Draumurinn. Sýningar voru vel sóttar enda leikritið skemmtilegt og ætlað öllum aldurshópum.

Aðalstjórn nemendafélagsins nú á vorönn skipuðu Valdimar Ingi Brynjarsson formaður. Alexander Egill Guðmundsson, Arnar Freyr Sigurðsson, Elmar Gísli Gíslason, Sólveig Rún Samúelsdóttir og Sævar Berg Sigurðsson.

**Ný stjórn nemendafélagsins fyrir næsta skólaár var kosin í apríl.** Margrét Helga Isaksen var kjörin formaður félagsins. Með henni í aðalstjórn voru kosin Adda Malín Vilhjálmisdóttir, Bergþóra Ingbórsdóttir, Björn Þór Björnsson og Freyja Kristjana Bjarkadóttir. Sjötti stjórnarmaður verður kjörinn úr hópi nýnema í ágúst. Björn Þór Björnsson og Snorri Kristleifsson voru kosnir stjórnendur Viskuklúbbs, Alexander Aron Guðjónsson, Raket Rósa Þorsteinsdóttir og Sigrún Ágústa Sigurðardóttir voru kosin stjórnendur leiklistarklúbbs. Kristinn Gauti Gunnarsson var kosinn stjórnandi Kvikmyndaklúbbs, Þorri Líndal Guðnason stjórnandi Ljósmyndaklúbbs, Sindri Snær Alfreðsson stjórnandi Tónlistarklúbbs og Adda Malín Vilhjálmisdóttir stjórnandi GEY (Góðgerðafélagsins Eynis).

Skólinn tekur þátt í tveimur Comeniusarverkefnum. Í verkefninu Work made e@sy erum við með 7 öðrum þjóðum og í apríl komu kennarar og nemendur frá samstarfsskólum okkar í heim-sókn. Erlendu nemendurnir gistu hjá nemendum úr okkar skóla. Samstarfsskólarnir eru frá Þýskalandi, Frakklandi, Spáni, Ítalíu, Tyrklandi, Litháen og Danmörku. Verkefnið snýst um að



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

gera aðgengilegar upplýsingar fyrir ungt fólk um atvinnu og lífnaðarhætti í mismunandi Evrópulöndum.

Hitt verkefnið heitir Planting our future og fjallar um náttúruvernd, orkunýtingu o.fl. Því verkefni lauk nú á vorönn með því að einn kennari fór ásamt nemanda til Póllands og síðan var lokafundur í Norden í Þýskalandi. Alls tóku 11 skólar í jafnmörgum löndum þátt í því verkefni.

----

Í mars sigraði lið Fjölbrautaskóla Vesturlands í stuttmyndakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna. Þessi sigur var árangur góðrar vinnu nemendanna og starfsmanna skólans sem aðstoðuðu þá.

Margt fleira mætti nefna eins og t.d. ýmsa atburði tengda hreyfingu og heilsueflingu en mörg fyrirtæki hér í bæ styrktu það átak í skólanum.

----

Læt ég nú lokið annál vorannar 2013 og óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið nú náð um leið og ég hvet ykkur til að halda áfram að afla ykkur menntunar og þroska. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið vinnið gott í framtíðinni.

Jens B. Baldursson



## Fylgiskjal 3 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2013:

### Annáll haustannar 2013, lesinn við brautskráningu í desember

Fjölbrautaskóli Vesturlands var settur fimmtudaginn 22. ágúst. Þá fengu nemendur afhentar stundaskrár. Regluleg kennsla hófst svo morguninn eftir, föstudaginn 23. ágúst. Síðasti kennsludagur á önninni var 2. desember. Önninni lýkur þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 38 nemendur sem nú ljúka námi hafa verið brautskráðir frá skólanum.

Í upphafi annar voru 583 nemendur skráðir í skólann. Þetta er fækkun um tæp 9% frá haustönn 2012 þegar fjöldi nemenda við upphaf haustannar var 640. Fækkunin er mest hjá nemendum í reglulegu námi og sérstaklega hjá eldri nemendum. Þrír yngstu árgangarnir eru álíka stórir og verið hefur. Ef til vill er þetta til marks um að færri eldra fólk sækir í framhaldsskóla eða að það sækir í annars konar nám eins og t.d. dreifnámið hjá okkur. Nemendum í dreifnámi í húsasmíði, sjúkraliðanámi og vélvirkjun fjölgaði á önninni. Þessir nemendur eru eldri en tvítugir og sækja tíma síðdegis og um helgar. Dreifnámið hefur gengið afskaplega vel og eldra fólk, sumt á sextugsaldri hefur verið ánægt með að fá tækifæri til að ljúka starfsnámi. Um þriðjungur nemenda skólans er eldri en tvítugur og við getum verið stolt af því að það vill koma í nám til okkar. Sumir hafa ekki lokið neinu framhaldsskólanámi og því minnkar svokallað brottfall þegar þessir nemendur útskrifast frá okkur. Eins og kunnugt er er helst rætt um brottfall þegar rætt er um framhaldsskóla í fjölmiðlum. Ég held að við getum fullyrt að á Akranesi fækki brottfallsnemendum í hópi fullorðins fólks nokkuð hratt.

Á önninni hættu 17 nemendur í skólanum. Auk þess hættu margir í áföngum eða voru reknir úr þeim vegna mikilla fjarvista. Þetta brottfall var 4,4% á önninni sem er mun minna en það var á síðustu haustönn en þá var það var 8,4%. Brottfall í FVA hefur alltaf verið frekar lítið samanborið við aðra framhaldsskóla. Hugtakið brottfall hefur verið notað á tvennan hátt. Við notum það yfir nemendur sem hætta í skólanum eða í áfanga á önninni. Í fjölmiðlum er það notað yfir nemendur sem ekki ljúka lokaprófi af einhverri braut í framhaldsskóla eins og t.d. stúdentsprófi.

Nemendum skólans hefur fækkað nokkuð á síðustu árum eftir að fleiri framhaldsskólar voru stofnaðir á Vesturlandi. Þá hafa fjárveitingar til skólans lækkað mun meira en nemur fækkun nemenda. Fjárhagserfiðleikar hafa af þessum sökum hrjád skólann síðan löngu fyrir hrun. Starfsmönnum hefur því fækkað nokkuð en engu að síður hefur ekki þurft að grípa til uppsagna heldur höfum við ekki ráðið nýja starfsmenn í stað þeirra sem hætta nema þess hafi þurft. Við stjórnendur FVA heyrum á stjórnendum í mörgum skólum á höfuðborgarsvæðinu að þeir þurfi að grípa til uppsagna nú á næstunni vegna fjárhagserfiðleika. Við gerum okkur vonir um að sleppa við það þó mjög kreppi að okkur.

Eftirfarandi breytingar urðu á starfslíði skólans á önninni:

Þorbjörg Ragnarsdóttir deildarstjóri í raungreinum er í námsorlofi skólaárið 2013 til 2014.

Margrét Þóra Jónsdóttir líffræðikennari er í barneignaleyfi. Flemming Madsen kennari í rafiðngreinum kom aftur til starfa eftir leyfi. Kristín L. Kötterheinrich þýskukennari kom úr barneignaleyfi á önninni og lét þá Linda Hængsdóttir af störfum en hún leysti Kristínu af. Sigurður Karl Ragnarsson kennari á málmiðnabraut lét af störfum á önninni. Rúna Björk Gísladóttir á skrifstofu skólans og Hjördís Árnadóttir námsráðgjafi eru í barneignaleyfi. Hrönn Ásgeirsdóttir sem starfað hefur í ræstingum hefur verið í leyfi. Hún lætur af störfum frá áramótum. Margrét Helga Guðmundsdóttir hefur leyst hana af.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Lára Björk Gísladóttir og Hrönn Eggertsdóttir voru í hlutastarfi á önninni. Lára hefur m.a. kennt sjúkraliðum og Hrönn hefur kennt myndlist á starfsbraut. Báðar kenna þær á næstu önn. Ævar Buthmann var í leyfi fyrstu vikur annarinnar. Linda Hængsdóttir og Hörður Ó. Helgason fyrrverandi skólameistari kenndu fyrir hann.

Loks skal þess getið að Guðný Rún Sigurðardóttir fjármálastjóri, sem fékk leyfi á síðustu önn, sagði stöðu sinn lausri í haust. Auglýsa þurfti stöðuna aftur og í kjölfarið var Guðrún Lind Gísladóttir ráðin fjármálastjóri ótímabundinni ráðningu en hún hafði verið ráðin tímabundið þegar Guðný hætti.

Fimmtudaginn 29. ágúst kusu nýnemar Almar Knörr Hjaltason sem fulltrúa sinn í stjórn nemendafélagsins og tók hann sæti í stjórn með þeim fimm sem kosin voru 18. apríl, en þau eru Margrét Helga Isaksen formaður, Adda Malín Vilhjálmadóttir, Bergþóra Ingbórsdóttir, Björn Þór Björnsson og Freyja Kristjana Bjarkadóttir.

Í apríl voru Björn Þór Björnsson og Snorri Kristleifsson kosnir stjórnendur Viskuklúbbs. Alexander Aron Guðjónsson, Rakel Rósa Þorsteinsdóttir og Sigrún Ágústa Sigurðardóttir voru kosin stjórnendur leiklistarklúbbs. Kristinn Gauti Gunnarsson var kosinn stjórnandi Kvikmyndaklúbbs, Þorri Línadal Guðnason stjórnandi Ljósmyndaklúbbs, Sindri Snær Alfreðsson stjórnandi Tónlistarklúbbs og Adda Malín Vilhjálmadóttir stjórnandi GEY (Góðgerðafélagsins Eynis).

Aðalfundur Foreldraráðs skólans var haldinn 1. október. Á fundinum var kjörin stjórn fyrir skólaárið 2013 til 2014. Hana skipa Arndís Halla Jóhannesdóttir, Guðrún Guðbjarnadóttir, Hulda Hrönn Sigurðardóttir, Þórður Guðjónsson og Þórður Þórðarson. Varamaður var kjörinn Ágúst Valsson

Geir Gunnlaugsson landlæknir og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra heimsóttu skólann 23. september og afhentu gulleplið, en það er árleg viðurkenning Landlæknisembættisins fyrir framúrskarandi starf og árangur í heilsuefningu. Fjölbrautaskóli Vesturlands er þriðji skólinn sem hlýtur þessa viðurkenningu. Starfi heilsuefningarhópsins var stjórnað af hópi undir forystu Jónínu Höllu Víglundsdóttur. Aðrir í hópnum voru Freyja Kristjana Bjarkadóttir og Margrét Helga Isaksen sem stjórnðu íþróttaklúbbi nemendafélagsins í fyrra og kennararnir Anna Bjarnadóttir, Dröfn Viðarsdóttir, Helgi Magnússon, Hjördís Árnadóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Steinunn Eva Þórðardóttir.

West-Side var haldið í lok október en þá bauð Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar Fjölbrautaskóla Snæfellinga og okkar skóla til Borgarness. Þar var keppt í íþróttum og haldin spurningakeppni. Um kvöldið var svo dansað. Samkoman fór vel fram en við Akurnesingar urðum að sjá af bikarnum í hendur heimamanna.

Ýmislegt fleira gerðist á önninni: haldnir voru dansleikir og fleiri samkomur nemenda. Skammhlaup fór fram í október en það er keppni þar sem öllum nemendum skólans er skipt í 8 lið sem keppa innbyrðis. Þá var opið hús á starfsbraut og fleira mætti nefna sem gert var á önninni.

Í lokin langar mig til að nefna nokkur atriði til að undirstrika að við getum verið stolt af skólanum okkar.

Nemendur FVA eru að jafnaði 3,9 ár að ljúka stúdentsnámi og eru í öðru sæti af framhaldsskólum landsins. Við erum ofarlega í könnun SFR sem nefnist Stofnun ársins. Í könnun Frjálsrar verzlunar var þessi skóli talinn í hópi átta bestu.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Við megum líka vera ánægð með árangur okkar nemenda í námi. Þeim sem ljúka iðnnámi héðan gengur vel á sveinsprófum og þeir eru eftirsóttir í vinnu. Okkar nemendum vegnaði best af öllum í Háskóla Íslands skv. könnun sem Háskólinn gerði. Í öðru og þriðja sæti voru tveir gamlir menntaskólar. Við útskrifum um 1,8% allra stúdenta á landinu og frá okkur eru um 2,4% allra nemenda við Háskóla Íslands. Hlutfallið frá okkur er því þriðjungi ofan við landsmeðaltal.

Það er ekki einungis að okkar nemendum vegni vel í námi og starfi heldur virðast þeir vera sérlega ánægðir í Fjölbrautaskólanum. Í könnun sem gerð var nýlega sögðust 93% vera ánægðir með að vera í FVA og 94% sögðu líðan sína í skólanum góða. Þá kemur í ljós að nemendur skólans reykja síður og neyta minna áfengis en nemendur flestra annara framhaldsskóla

Læt ég nú lokið annál haustannar 2013 og óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið náð. Þið megið vera stolt af að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið gerið gott í framtíðinni.

Jens B. Baldursson